

Bókhalð

HÁLFÐÁN ÖRNÓLFSSON/KATRÍN
HARÐARDÓTTIR

Hvað er bókhald?

Skipulögð skráning á öllum viðskiptum fyrirtækisins

Skráning á tilfærslu fjármuna og fjármagns inn og út úr fyrirtækinu

Skráning fór áður áður fram í bækur en nú er bókhald fært í bókhaldsforritum

Tvíhliða bókhald: Hver einstök viðskipti eru skráð á tvo reikninga, á annan er fært í debet hlið og hinn kredit hlið

Alltaf skal færa jafnháa upphæð í debet hlið og kredit hlið í hverri færslu

Til hvers að færa bókhald?

Bókhaldið gefur stjórnendum/eigendum yfirsýn yfir reksturinn

Hjálpar til við að greina rekstrarlega stöðu fyrirtækisins

Hjálpar til við ákvarðanatöku í fyrirtækinu

Bókhaldið gefur þeim, sem rétt eiga, aðgang að nauðsynlegum upplýsingum sem varða reksturinn (skattayfirvöld, lánardrotnar)


Það má segja að bókhaldið sé heilsufarsbók fyrirtækisins. Úr því er hægt að lesa um ástand og heilsu fyrirtækisins

Lög og reglugerðir um bókhald

- Hér eftirfarandi eru lög og reglugerðir sem þarf að fylgja við færslu bókhalds.
- Í lögum um bókhald eru settar nákvæmar reglur um hvernig færa skuli bókhald.
- [Lög um bókhald nr. 145/1994](#)
- [Lög um ársreikninga nr. 3/2006](#)
- [Reglugerð 505/2013 um rafræna reikninga](#)
- Margt fróðlegt á [alþingi.is](#), [Stjórnarráðid.is](#) og lagayfirlit er að finna hér: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/kaflar/kaflar.html>

Brot á bókhaldslögum

Brot á bókhaldslögum getur varðað fésektum eða fangelsi allt að sex árum eftir alvarleika brotsins.



Brot á bókhaldslögum gæti verið eitthvað af eftirfarandi:

Að vera í rekstri
en færa ekki
bókhald

Varðveita ekki
fylgiskjöl

Rangfæra
bókhald

Eyðileggja
bókhald

Færa ekki
ársreikning.

Allir lögaðilar (fyrirtæki eða einstaklingar) sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eru bókhaldsskyldir

Bókhaldsskylda

Undantekning er þó ef fyrirtæki/aðili hefur ekki fleiri en einn aðkeyptan starfsmann að jafnaði eða ef eðli starfseminnar er ekki atvinnurekstur í venjulegum skilningi

Dæmi: lðnaður, þar með talda viðgerðarstarfsemi og þjónusta þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu

Að færa bókhald

Hér á heimasíðu ríkisskattstjóra, rsk.is er hægt að lesa sér til um bókhald

Liggja þar fyrir skrifleg lýsing á bókhaldskerfinu

Bókhaldið skal vera aðgengilegt, skýrt og rekjanlegt (frá færslu til frumgagna)

Fjöldi reikninga í bókhaldi og flokkun þeirra skal taka mið að umfangi og eðli rekstursins

Færslur í bókhaldi skulu vera í skipulegri númeraröð og að jafnaði í réttri tímaröð

Færslur skulu vísa til frumgagna (efni viðskipta, reiknings, dagsetningar)



Bókhaldsgögn

Ytri frumgögn:

Gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við (reikningur, greiðsluseðill, skeyti, samningur o.fl.)

Innri frumgögn:

Gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum (samrit reikninga, greiðsluseðlar, skeyti, samningar o.fl. Gögn sem verða til við bókhaldsvinnuna við að skrá hreyfingar og millifærslur

Bókhaldsbækur og reikningsskipan

Tvíhliða bókhald samanstendur af:

1) Dagbók með færslum í færsluröð

2) Hreyfingarlista þar sem færslur dagbókar eru flokkaðar á viðeigandi bókhaldsreikninga

3) Aðalbók (Höfuðbók) sem sýnir stöðu hvers bókhaldsreiknings

4) Ársreikningi

Dagbók, hreyfingarlisti og aðalbók kallast einu nafni fjárhagsbókhald

Ef um veruleg viðskipti er að ræða önnur en þar sem hönd selur hendi skal hafa viðskiptamannabókhald sem undirkerfi fjárhagsbókhaldsins

Þeir sem eru undanþegnir því að færa tvíhliða bókhald skulu nota svokallaða sundurliðunarbók til að sundurliða viðskiptin. Þar á að flokka hreyfingar ársins á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum eftir tegundum. Niðurstöðum sundurliðunarbókar skal vera hægt að rekja til ársreiknings.

Fylgiskjöl og varðveisla bókhaldsgagna

Öll bókhaldsgögn, sama á hvaða formi þau eru, skal varðveita í 7 ár frá lokun viðkomandi reikningsárs (innri strimla sjóðsvéla skal varðveita í 3 ár en 7 ár sé hún með rafrænni dagbók)

Óheimilt er að eyða út röngum færslum. Leiðréttingar skulu gerðar með nýrri færslu og sérstöku fylgiskjali þar sem fram kemur hvað er verið að leiðrétta og hvers vegna

Ársreikningar

Bókhaldsskyldir aðilar skulu setja upp ársreikning fyrir hvert reikningsár

Ársreikningur skal a.m.k. innihalda rekstrarreikning og efnahagsreikning

Rekstrarreikningur skal gefa rétta mynd af heildargjöldum og heildartekjum reikningsársins og skýra mynd af afkomu (hagnaði eða tapi) fyrirtækisins

Efnahagsreikningurinn skal sýna heildareignir og heildarskuldir fyrirtækisins í lok reikningsársins og eigið fé (eignir-skuldir)

Gera skal grein fyrir ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps í ársreikningnum

Endurskoðendur

Félögum með takmarkað ábyrgð og félögum með ótakmarkaða ábyrgð sem eru yfir ákveðnum stærðartakmörkum ber að skila endurskoðuðum ársreikningum

Endurskoðendur skulu hafa ótakmarkaðan aðgang að bókhaldi viðkomandi félags

Um endurskoðendur gilda Lög um endurskoðendur nr. 94/2019

Og eins er fjallað um endurskoðun ársreikninga í Lög um ársreikninga nr.3/2006